

Hugbúnaður og netþjónusta DeLaval

Notkunarskilmálar

Þessi notkunarskilmálar („**skilmálarnir**“) stýra réttindum og notkun hugbúnaðar DeLaval (þar á meðal, án takmarkana, hugbúnaðar fartækja) og netþjónustu DeLaval (t.d. „hugbúnaðar sem þjónusta“) og allra skjala og gagna sem gerð eru tiltæk eða búin til í gegnum eða í tengslum við slíkan hugbúnað eða þjónustu. Hver slíkur hugbúnaður eða netþjónusta er, ásamt skjölum og gögnum sem gerð eru tiltæk eða búin til í gegnum eða í tengslum við hugbúnað eða þjónustu, kallast „**þjónusta**“ í þessum skilmálum.

Með því að virkja, setja upp eða nota þjónustu samþykkir þú og sá einstaklingur eða aðili sem þú ert fulltrúi fyrir (sameiginlega kallaður „þú“) að fylgja og vera bundin/n þessum skilmálum. Ef þú samþykkir ekki þessa skilmála, eða ef þú hefur ekki heimild til að samþykkja, er þér ekki heimilt að virkja, setja upp, nota eða á annan máta notfæra þér þjónustuna.

Ef þú samþykkir ekki þessa skilmála getur þú hætt við síðustu kaup þín á leyfi eð áskrift þjónustunnar frá DeLaval (eins og skilgreint er að neðan) eða viðurkenndum dreifingaraðila DeLaval. Uppsagnarréttur þinn rennur út 30 almanaxsdögum efir virkjun eða uppsetningu þeirrar útgáfu þjónustunnar sem slíkt kaup tengjast eða 60 almanaxsdögum eftir kaupin, hvort sem á sér stað á undan. Við uppsögn verður þú að hætta notkun á slíkri útgáfu og, ef við á, fjarlægja öll afrit að fullu eða hluta á slíkri útgáfu af kerfi þínu og skila öllu efnislegum geymslumiðlum (t.d. USB-drifum) sem innihalda slík afrit.

1. GÖGN OG PERSÓNUVERND

Þjónustan kann að draga út úr hugbúnaði, þjónustu, kerfi eða vöru sem er stjórnað eða undir eftirliti þjónustunnar og flytja slík gögn sjálfvirkt til, eða gera gögnin tiltæk fyrir fjarsöfnun, DeLaval International AB, skráningarnúmer fyrirtækis 556012-3928, P.O. Box 39, Gustaf de Lavals väg 15, SE 147 21 Tumba, Svíþjóð („**DLI**“) eða öðrum aðila innan DeLaval Group (eins og skilgreint er að neðan). Önnur gögn geta einnig verið söfnuð eða búin til í tengslum við þjónustuna.

Persónuvernd þín er DLI mikilvæg. Vinsamlegast lestu [gagna- og persónuverndaryfirlýsingu fyrir hugbúnað og netþjónustu DeLaval](#) (má hala niður og prenta á <http://www.delaval.com/legal/>), sem lýsir hvenær, hvernig og í hvaða skyni gögn eru meðhöndluð (þ.e. safnað, búin til, vistuð, notuð endurunin, sameinuð, breytt og birt) í tengslum við þjónustuna. **Með því að virkja, setja upp eða nota þjónustuna veitir þú leyfi fyrir gagnavinnslnni (þar á meðal, án takmörkunar gögnum um þig) sem lýst er í gagna- og persónuverndaryfirlýsingunni fyrir hugbúnað og netþjónustu DeLaval (þar á meðal, án takmörkunar, gagnaflutning til og frá Evrópusambandinu) og veitir DeLaval Holding AB og öllum aðilum undir beinni eða óbeinni stjórn DeLaval Holding AB („DeLaval Group“), t.d. DLI, Lattec I/S og DairyDataWarehouse B.V., varanlegt, án þóknunar, framseljanlegt, undirleyfis skylt og leyfi á heimsvísu til að meðhöndla notandaskilgreind gögn (eins og skilgreint er að neðan) eins og hér er lýst. Ef einhver hluti leyfisins er afturkallaður getur verið að þú getir ekki nýtt þér ákveðna virkni þjónustunnar.**

2. SAMNINGSGERÐ

Með því að samþykkja þessa skilmála gerir þú samning við aðilann í DeLaval Group sem ber ábyrgð á sölumálum í því landi eða svæði sem þú ert staðsett/ur í („**DeLaval**“); farðu inn á <http://www.delaval.com/legal/> til að finna þann aðila sem sér um landið þitt eða svæði. Aðrir aðilar í DeLaval Group (t.d. DLI) eru ekki aðilar að þessum skilmálum en er veitt ákveðin réttindi eins og hér er lýst.

3. HUGBÚNAÐUR FYRIR FJARTÆKI FYRIR APPLE IPHONE O.S.FRV.

Að því marki sem þjónustan er hugbúnaður fyrir fjartæki sem stendur þér til boða til niðurhals í gegnum „App Store“ þjónustuna sem rekin er af Apple Inc. eða hlutdeildarfélagum þess skal „leyfissamningur fyrir leyfisskyldan hugbúnað endanlegs notanda“ útgefin af Apple Inc. (<http://www.apple.com/legal/internet-services/itunes/us/terms.html>) stjórna réttindum og notkun hugbúnaðar fyrir fjartækis í stað hluta 4 til 20 í þessum skilmálum. Hluti 21 (gildandi lög og ágreiningur) í þessum skilmálum stjórnar gildandi lögum og ágreiningsferli.

4. LEYFI

Hver einstaklingur eða aðili sem hefur á lögmætán hátt verið veittur aðgangur að gildum leyfislykli að, eða afrit að, þjónustunni samkvæmt samningi á milli einstaklingsins eða aðilans og DeLaval eða viðurkenndum dreifingaraðila DeLaval (hver slíkur einstaklingur eða aðili kallast „**leyfishafi**“) er veitt leyfið eins og skilgreint er fyrir neðan.

Leyfishafi hefur takmarkað leyfi sem nýtur ekki einkaréttar, er ekki framseljanlegt og má ekki nýta sem undirleyfi til að virkja/setja upp og nota veitt afrit þjónustunnar, en aðeins á ætluðu skyni þjónustunnar og aðeins fyrir innri viðskiptarekstur leyfishafans, og háð samþykki og fylgni leyfishafans við þessa skilmála og greiðslu á viðeigandi

leyfis- og/eða áskriftargjöldum og öðrum takmörkunum sem tilgreind eru í viðeigandi gögnum, tilboði, samningi eða reikningi („leyfið“).

Ef annað er ekki tilgreint í viðeigandi gögnum er tilboðið, samningurinn eða reikningurinn takmarkaður við notkun í tengslum við eina staðsetningu (býli). Ef þjónustan hefur að auki verið veitt innfeld í, eða uppsett á, tæki er leyfið takmarkað við notkun í slíku tæki og þjónustuna má ekki setja upp eða afrita í annað tæki (nema slíkt sé heimilt á lögboðinn máta). Ef þjónustan á að vera uppsett staðbundin er leyfið takmarkað við uppsetningu og notkun þjónustunnar í einu fartæki, tölvu eða tölvuþjón (eins og við á) nema annað sé tilgreint í viðeigandi gögnum, tilboði, samningi eða reikningi.

Leyfishafi má heimila starfsmönnum sínum, fulltrúm og verktökum og nota þjónustuna fyrir hönd sína í samræmi við leyfið, en viðkomandi ber ábyrgð á öllum gjörðum og vanrækslu slíkra einstaklinga og aðila (hvort sem slíkt er heimilað af leyfishafa eður ei) á sama máta og slíkt væru gjörðir eða vanræksla leyfishafa.

Leyfinu lýkur við lok þess leyfis- eða áskriftartímabils sem tilgreint er í viðeigandi gögnum, tilboði, samningi eða reikningi (ef við á) eða ef réttur leyfishafa til að nota þjónustuna er afturkallaður samkvæmt hluta 10 (tímabundin niðurfelling og afturköllun). Ef ekkert leyfis- eða áskriftartímabil hefur verið tilgreint getur hvert DeLaval og DLI sagt upp leyfinu hvenær sem er. Við uppsögn leyfisins verður leyfishafinn samstundis að hætta notkun á öllum útgáfum þjónustunnar (að undanskildum notandaskilgreindum gögnum) sem leyfið á við og, ef við á, eyða öllum afritum, að fullu eða hluta, fyrir slíkar útgáfur.

5. HÁTTERNISREGLUR

Þú mátt ekki nota þjónustuna (að undanskildum notandaskilgreindum gögnum) út fyrir svið viðeigandi leyfis. Að auki máttu aðeins nota þjónustuna í samræmi við þessa skilmála og gildandi lög og regluverður og ekki má á annan máta misnota þjónustuna. Án takmörkunar á áður nefndum atriðum er sérstaklega tekið fram að þú mátt ekki (nema ef slíkt er beinlínis heimilt í þessum skilmálum eða á lögboðinn máta): (a) Dreifa til eða á annan máta gera einhvern hluta þjónustunnar tiltæka þriðja aðila; (b) Endurgera, búa til afleitt verk, breyta, sundurhluta, bakþýða eða vendismiða neinn hluta þjónustunnar; (c) Fara framhjá tæknilegum ráðstöfunum gegn óheimiluðum aðgerðum (t.d. ráðstafanir sem takmarka aðgang að hrátt unnum gögnum sem þjónustan býr yfir); eða (d) nota þjónustuna á nokkurn máta sem er móðgandi eða gæti skaðað, afvirkjað, sett yfirálág eða skert þjónustuna eða tengdan hugbúnað, þjónustu, kerfi eða vöru. ***DLI hefur rétt til að fella inn virkni í þjónustuna til að fylgjast með notkun hennar og til að staðfesta fylgni við þessa skilmála.***

6. SKRÁNING OG SKILRÍKI

Þú verður að skrá reikning til að nota alla eða ákveðna hluta þjónustunnar. Þú verður að tryggja að allar framlagðar upplýsingar í tengslum við skráninguna séu sannar og réttar og þú verður að viðhalda nákvæmni slíkra upplýsinga (t.d. netfangi þínu). Þú verður að viðhalda trúnaði skilríkjanna (t.d. leyfislykill, notandaheiti og lykilorð) sem úthlutað eru eða búið til fyrir notkun á þjónustunni (ef til staðar eru) og þú mátt ekki gefa upp skilríki þín til þriðja aðila eða á annan hátt heimila þriðja aðila að fá aðgang að þjónustunni (nema slíkt sé heimilt í þessum skilmálum). Ef þú hefur ástæðu til að halda að þriðji aðili hafi fengið óheimilaðan aðgang að skilríkjum þínum eða þjónustunni verður þú samstundis að tilkynna DLI um slíkt.

7. EIGNARHALD

Háð leyfinu sem lýst er í hluta 1 (Gögn og persónuvernd) að ofan gerir hvorki DeLaval, DLI né aðrir aðilar í DeLaval Group kröfu um eignarhald á gögnum sem þú leggur fram í þjónustunni eða sem þjónustan býr til aðeins fyrir þig og þínar ákveðnu kringumstæður („notandaskilgreind gögn“), og þessir skilmálar skulu ekki takmarka rétt þinn til að nota slík notandaskilgreind gögn. Til að forðast öll vafaatriði fela notandaskilgreind gögn ekki í sér nein gögn sem eru vistuð af DeLaval Group óháð notkun þinni á þjónustunni eða sem eru veitt sem hluti af, eða í tengslum við, virkjun eða uppsetningu þjónustunnar.

Að undanskildum notandaskilgreindum gögnum (eða, eins og við á, hlutdeildarfélögum þess eða leyfisveitendum) á DLI allan rétt, heiti og réttindi í og öllum vörumerkjum, vöruheitum, einkaleyfum, höfundarrétti, grannréttindi, trúnaðarupplýsingar, viðskiptaleyndarmál, þekkingu og önnur hugverk og hugverkarétt (hvort sem slíkt er skráð, og þar á meðal hugbúnað til skráningar á þeim) í eða í tengslum við þjónustuna. Allur réttur sem er ekki veittur í þessum skilmálum tilheyrir DLI (eða, eins og við á, hlutdeildarfélögum þess eða leyfisveitendum).

8. VIÐHALD

Til að forðast öll vafaatriði, nema annað sé tekið fram skriflega, er DeLaval, DLI eða annar aðili í DeLaval Group skuldbundið til að veita aðstoð, viðhald eða aðra þjónustu í tengslum við þjónustuna.

9. SKAÐLEYSISGREIÐSLUR

Þú ábyrgist og tryggir skaðleysi DeLaval Group hvað varðar allar skaðabótakröfur, kröfur, tap, tjón og kostnað (þar á meðan sanngjörn lögfræðigjöld) sem stofnað er til vegna brota á þessum skilmálum eða vanrækslu af þinni hálfu, þar á meðal kröfu frá þriðja aðila sem orsakast að aðgangi að eða notkun þjónustunnar, brotum á þessum

skilmálum, brotum á hugverkarétti eða öðrum rétti einstaklings eða aðila, af þér eða þriðja aðila sem notar þjónustureikning þinn eða þjónustuskilríki.

10. TÍMABUNDIN NIÐURFELLING OG AFTURKÖLLUN

DLI getur hvenær sem er fellt tímabundið niður rétt þinn til að nota þjónustuna (að undanskildum notandaskilgreind gögn) ef DeLaval hefur ekki fengið greidd viðeigandi leyfis- eða áskriftargjöld fyrir notkun þína á þjónustunni eða ef, að sanngjörnu áliti DLI: (a) Þú hefur brotið gegn þessum skilmálum; eða (b) Notkun þín á þjónustunni ógnar öryggi eða virkni þjónustunnar eða tengdum hugbúnaði, þjónustu, kerfi eða vöru. Þú færð tilkynningu um tímabundna niðurfellingu. Ef hægt er með eðlilegum hætti að leiðrétta orsök tímabundinna niðurfellingar mun DLI beita sanngjarnri viðleitni til að koma á fót aftur rétti þínum til að nota þjónustuna um leið og DLI ákvarðar, að sanngjarnri vild, að orsök niðurfellingar hafi verið leiðrétt. DLI getur afturkallað varanlega rétt þinn til að nota þjónustuna (að undanskildum notandaskilgreindum gögnum) ef orsök tímabundinnar niðurfellingar er ekki hægt að leiðrétta með eðlilegum hætti eða afturköllunin hefur ekki verið leiðrétt innan 30 daga frá upprunalegri tilkynningu DLI um slíkt.

Ef einhverjum hluta þjónustunnar er stjórnað eða á annan máta stjórnað af eða fyrir hönd aðila innan DeLaval Group (t.d. sem netþjónustu) getur sá hluti þjónustunnar verið tímabundið niðurfelldur eða afturkallaður hvenær sem er ef leyfishafi hefur ekki greitt ákveðið gjald fyrir notkun á þeim hluta þjónustunnar á ákveðnu eða takmörkuðu tímabili (t.d. árlega) og tímabilið hefur ekki runnið sitt skeið á enda.

11. ÞJÓNUSTUSTIGSSAMNINGUR

Þjónustan getur verið, ef og að marki sem tilgreint er á <http://www.delaval.com/legal/> eða á annan máta samþykkt skriflega, háð þjónustustigssamningi eða álíka samningi („SLA“). Til viðbótar við takmarkanirnar í SLA skal SLA aðeins eiga við þá hluta þjónustunnar sem er stjórnað eða á annan máta stjórnað af eða fyrir hönd aðila í DeLaval Group og á hún ekki við að uppfylla atriði vegna óviðráðanlegra aðstæðna eða annarra kringumstæðna sem DeLaval hefur enga stjórn á. Ef SLA veitir leyfishafanum réttindi til að greiða skaðabætur eða sektir skulu slíkar skaðabætur eða sektir aðeins tilheyra leyfishafanum og aðeins eiga við það brot sem skaðabæturnar og sektirnar tengjast.

12. TAKMÖRKUÐ ÁBYRGÐ

Til hagsbótar fyrir leyfishafann ábyrgist DeLaval að síðasta veitta útgáfa þjónustunnar sé í öllum efnislegum atriðum fær um að veita aðgerðir sem almennt séd er lýst í þjónustugögnum sem útgefin eru af DeLaval Group við birtingu viðeigandi útgáfu þjónustunnar, háð hluta 10 (Tímabundin niðurfelling og afturköllun) og 15 (Uppfærslur og breytingar) og að því gefnu að viðeigandi leyfi sé gild og að viðeigandi þjónusta sé rétt virkjuð/uppsett í samræmi við gögnin. Ábyrgðin rennur út: (a) Að því marki að þjónustan hefur verið veitt innfelld í, eða uppsett á, tæki eða á annan máta ætluð til að vera staðbundin uppsett, 90 almanaksdagar eftir þann dag sem viðeigandi útgáfa þjónustunnar hefur verið gerð tiltæk leyfishafanum með efnislegum miðli, með rafrænu niðurrhali eða á annan máta; og (b) annars 90 almanaksdögum eftir dag fyrsta brotatilviks. Ef brot gegn ábyrgðinni er tilkynnt leyfishafanum skriflega áður en ábyrgðin rennur út mun DeLaval (eða viðurkenndur dreifingaraðili þess) reyna að ráða bót á brotinu. Ef DeLaval ræður ekki bót eða getur ekki ráðið bót á brotinu innan eðlilegs tíma hefur leyfishafinn rétt á, að eigin vild, að segja leyfinu upp og fá hlutfallslega endurgreiðslu á ónýttum hluta greiðslu á leyfis- eða áskriftargjöldum sem síðast fóru fram af leyfishafanum fyrir sértæka útgáfu þjónustunnar sem ábyrgðarkrafan tengist; slík endurgreiðsla fer fram af aðilanum sem upprunalega var með rétt til að móttaka slík gjöld. Endurgreiðslan er háð því að öll afrit séu fjarlægð, að fullu og að hluta, af viðeigandi útgáfu þjónustunnar úr kerfi leyfishafans og öllum efnislegum miðlum sé skilað (t.d. USB-drifum) sem innihalda slík afrit. Hvorki DeLaval né neinir viðurkenndir dreifingaraðilar þess bera neina ábyrgð á þjónustunni að undanskildu því sem skilgreint er í þessum hluta (Takmörkuð ábyrgð) og, ef við á, hluta 11 (Þjónustustigssamningur) og annað sé skýrt samþykkt skriflega.

13. TAKMARKANIR Á ÁBYRGÐ

Nema eins og skýrt er kveðið á um í hluta 11 (Þjónustustigssamningur) og 12 (Takmörkuð ábyrgð), og að því marki sem heimilt er samkvæmt gildandi lögum, er þjónustan veitt „eins og hún kemur fyrir“ og „eins og í boði er“ án nokkurrar ábyrgðar (skýlaus, gefin í skyn eða á annan hátt) að því er varðar aðgengi, gæði, hæfi, öryggi eða nákvæmni á þjónustunni og með öllum ábyrgðum og skilyrðum seljanleika, notagildi, titli eða brotum er gagngert hafnað. Þessi fyrirvari á við tjón, tap eða skemmdir af völdum vanrækslu eða athafnaleysi aðila innan DeLaval Group, vegna tölvuveiru eða öðrum svipuðum hlut, vegna fjarskiptavilla eða óheimilum aðgangi eða notkun upplýsinga þinna við þjófnað eða með einhverjum öðrum hætti. Hvorki DeLaval, DLI né nokkur annar aðili innan DeLaval Group er ábyrgur fyrir refsiverðum verknaði, verknaði sem tjón hlýst af eða verknaði vanrækslu eða athafnaleysi þriðja aðila sem getur haft áhrif á þjónustuna.

Hvorki DeLaval, DLI né nokkur annar aðili innan DeLaval Group er ábyrgur samkvæmt samningi, lögbroti, hlutlægni ábyrgð, gáleysi eða annarri lagalegri kenningu fyrir tjóni eða tapi (hvorki beinu, óbeinu, tilfallandi,

sérstöku, refsiverðu, afleiddu eða öðru tjóni eða tapi), þar á meðal töpuðum hagnaði og gagnatapi, eða vegna kostnaðar eða gjalda, sem stafar af eða í tengslum við þessa skilmála eða notkun eða vanhæfni til að nota alla eða hluta af þjónustunni, jafnvel þótt bent hafi verið á möguleikann á slíkum skemmdum, tapi eða kostnaði. Allri slíkri ábyrgð er hér með hafnað af þér að því marki sem unnt er samkvæmt gildandi lögum.

Engin krafa eða aðgerð, óháð formi, sem leiðir af eða tengist þessum skilmálum, þjónustu eða notkun eða vanhæfni til að nota alla eða hluta af þjónustunni, má leggja fram af þér meira en einu ári eftir að orsök kröfunnar eða aðgerðarinnar kom fram.

Takmarkanir á ábyrgð sem settar eru fram hér að framan í þessum hluta gilda ekki að því marki sem viðkomandi tap eða tjón er orsakað vísitandi (misferli) eða með gáleysislegri lítilsvirðingu fyrir afleiðingum gjörða sinna (stórfellt gáleysi). Ennfremur, ekkert í skilmálum þessum skal takmarka eða útiloka neina ábyrgð fyrir svik eða sviksamlega rangfærslu, dauða eða líkamstjón vegna vanrækslu eða öðrum skuldbindingum sem kunna ekki að vera svo takmarkaðar eða útilokaðar samkvæmt gildandi lögum.

14. HUGBÚNAÐUR OG ÞJÓNUSTA ÞRIÐJA AÐILA

Þjónustan getur innihaldið eða innfellt þriðja aðila hugbúnað og þjónustu sem er leyfisskyld samkvæmt sérstökum skilmálum og skilyrðum, sem nánar er tilgreind í þjónustunni eða í lýsingu þjónustunnar, gögnum eða upplýsingaskrá eða tilkynningaskrá. Til viðbótar við þessum skilmálum verður þú að hlíta slíkum aðskildum skilmálum og skilyrðum til að fá að nota þjónustuna.

Þjónustan getur sett hlekk í heimasíður eða þjónustu þriðja aðila. Hvorki DeLaval, DLI né nokkur annar aðili innan DeLaval Group er ábyrgur fyrir slíkum heimasíðum eða þjónustu eða vörum eða þjónustu sem í boði er í gegnum eða í tengslum við slíkar heimasíður eða þjónustu.

15. UPPFÆRSLUR OG BREYTINGAR

DeLaval eða DLI geta stundum, að eigin ákvörðun, komið á framfæri uppfærslum sem koma í stað eða bæta við þjónustuna. Með samþykki þínu (til dæmis með stillingum í þjónustunni) geta slíkar uppfærslur verið fjaruppsettar á vélinni þinni án fyrirvara. Ef einhverjum hluta þjónustunnar er stjórnað eða á annan máta stjórnað af eða fyrir hönd aðila innan DeLaval Group (t.d. sem netþjónustu) getur sá hluti þjónustunnar verið uppfærður án fyrirvara, nema að leyfishafi fær tilkynningu um efnislegar breytingar ef leyfishafi hefur greitt ákveðið gjald fyrir notkun á þeim hluta þjónustunnar á ákveðnu eða takmörkuðu tímabili (t.d. árlega) og tímabilið hefur ekki runnið sitt skeið á enda.

Skilmálar þessir skulu gilda um allar útgáfur fortíðar og framtíðar af þjónustunni, nema að slíkri útgáfu fylgi sérstakir skilmálar, í því tilviki eiga slíkir skilmálar við.

DeLaval getur stundum, að eigin ákvörðun, gert breytingar á skilmálum þessum. Þú færð tilkynningu um slíkt, eins og lýst er að neðan, að skilmálar hafi breyst og að áframhaldandi notkun þín á þjónustunni eftir slíka tilkynningu jafngildi samþykki þínu á breytingunum, sem öðlast gildi á degi áframhaldandi notkunar.

16. TILKYNNINGAR

Tilkynningar til DeLaval eða DLI sem varða þessa skilmála má senda með bréfleiðis á heimilisfangið sem finna má í inngangsorðum í umslagi merkt „DeLaval Software and Online Service Terms of Use“, berist til „Legal Affairs“. Tilkynningar til þín geta birst í þjónustunni eða sendar bréfleiðis eða með tölvupósti á skráð heimilisfang þitt eða á annað pósthfang eða netfang sem þú hefur gefið upp eða notað í tengslum við þjónustuna eða í samskiptum við DeLaval Group eða einhverja af viðurkenndum dreifingaraðilum þess.

17. HEILDARSKILMÁLAR

Þessir skilmálar lýsa að fullu skuldbindingum og ábyrgð DeLaval Group í tengslum við þjónustuna og öllum skyldum og ábyrgðum sem kveðið er á í lögum og þau sem má útiloka eru hér undanskilin. Yfirlýsingar, loforð og skilyrði tengd þjónustunni en eru ekki beinlínis í þessum skilmálum eru ekki bindandi fyrir DeLaval Group.

18. REGLAN UM SJÁLFSTÆÐI EINSTAKRA GREINA

Ef einhver ákvæði þessara skilmála reynast ógild eða óframfylgjanleg skulu önnur ákvæði vera í gildi og slíkt ákvæði kemur í stað annars ákvæðis í samræmi við tilgang og ætlun þessara skilmála.

19. FRAMSAL

Þú getur ekki framselt eða með öðrum hætti framselt réttindi eða skyldur samkvæmt skilmálum þessum án skriflegs samþykkis DeLaval. DeLaval er heimilt að framselja og flytja réttindi sín og skyldur samkvæmt skilmálum þessum til annarra aðila innan DeLaval Group. Réttindi veitt DeLaval, DLI og öðrum aðilum innan DeLaval Group má framselja.

20. ÞÝÐINGAR

Enska útgáfan af skilmálum þessum er eina bindandi útgáfan, án tillits til hvort þýðingar á öðrum tungumálum séu aðgengilegar. Ef fyrir hendi er ósamræmi á milli ensku útgáfunnar og þýðingarinnar skal taka mið af ensku útgáfunni. Ensku útgáfuna má sækja og prenta á <http://www.delaval.com/legal/>.

21. GILDANDI LÖG OG ÁGREININGSMÁL

Þessir skilmálar (þar á meðal þetta ákvæði) og allar samningsbundnar skyldur, og þær sem eru ekki samningsbundnar, sem leiða af eða í tengslum við hér með (þar á meðal leyfið) er stjórnað af og skal túlka í samræmi við lög Svíþjóðar, að undanskildum ágreiningi hvað lagareglur varðar. Öll ágreiningsmál, deilur eða kröfur sem stafa af eða í tengslum við þessa skilmála eða samningsbundnar skyldur, og þær sem eru ekki samningsbundnar, sem stafa af eða í tengslum við, eða brot, uppsögn eða ógildingu skal útkljá fyrir gerðardómi í samræmi við reglur gerðardóms Arbitration Institute of the Stockholm Chamber of Commerce. Aðsetur gerðardóms skulu vera í Stokkhólmi í Svíþjóð. Tungumálið sem nota skal fyrir gerðardómi skal vera enska, nema um annað sé samið á milli aðila. Málflutningur fyrir gerðardómi og upplýsingar og gögn sem birt eru í tengslum við gerðardóminn skulu vera trúnaðarmál á milli allra viðkomandi aðila. Þrátt fyrir framangreint hefur DeLaval Group ávallt rétt á að biðja dómstóla og yfirvöld í hvaða lögsögu sem er um að framfylgja hugverkaréttindum DeLaval Group og/eða tryggja kröfur um hvers konar ógreiddar greiðslur, auk þess að leita lögbanns og annarra tímabundinna ráðstafana.